

Starfsáætlun Hraunvallaleikskóla

2023 – 2024



Ábyrgðarmaður: Guðbjörg Hjaltadóttir skólastjóri Hraunvallaleikskóla

Formáli

(Um starfsáætlanir leikskóla (fylgiskjal/ gátlisti?))

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna allir leikskólar eftir Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp eigin skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera árlega starfsáætlun þar sem fjallað er um starfsemi leikskólans komandi skólaár, þar er birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs Hafnarfjarðar sem leikskólanum ber að vinna að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 20. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar. Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Helstu viðfangsefni nýliðið skólaár	4
Starfsmannahald	4
Helstu verkefni	5
Helstu viðburðir í skólstarfinu	7
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun 2023-2024	8
2.1 Innra mat leikskólans – framkvæmd, niðurstöður og úrbætur	8
2.2 Húsnæði og lóð	12
2.3 Ytra mat	12
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	13
3. Áherslur í starfi leikskólans	14
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	14
4. Starfsmannamál	16
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí	16
4.2 Starfsþróunarsamtöl	16
4.3 Símenntun frá síðasta ári	17
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	18
5. Aðrar upplýsingar	19
5.1 Barnahópurinn 1. maí	19
5.2 Foreldrasamvinna	20
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	20
5.4 Almennar upplýsingar	21
5.5 Áætlanir	21
Fylgirit	22
• Matsgögn	22
• Leikskóladagatal	22
• Umsögn foreldraráðs	22
• Annað	22

1. Helstu viðfangsefni nýliðið skólaár

Skólaárið 2022-2023 fór vel af stað. Í upphafi skólaársins var allt skipulag tilbúið og búið var að setja skólaárið vel upp þannig að starfið átti að ganga vel upp. Þegar leið á veturinn fóru veikindi að herja allmikið á starfsmannahópinn sem hafði töluverðar afleiðingar í för með sér. Ofan á veikindaálagið kom svo framkvæmd „betri vinnutíma“ (áður nefnd stytting vinnutíma í 36 stunda vinnuviku) sem jók við fjarveru. Starfsfólk og foreldrar eiga mikið hrós skilið fyrir þá jákvæðni, þolinmæði og samhug við að hjálpa okkur að láta skólastarfið ganga upp í þessum aðstæðum. Því miður þá þurftum við að virkja verklagsreglur vegna fáliðunar og senda börn heim í nokkur skipti. Þrátt fyrir að starfsmannahópurinn hafi glímt við veikindi þá voru börnin hraust og mættu vel í leikskólann.

Í ágúst tókum við svo við Leikvöllum sem eru færanlegar kennslustofur á lóðinni okkar, þar dvöldu tveir elstu árgangarnir okkar eða 38 börn. Leikskólanum var lokað í tvær vikur að sumrinu eins og í fyrra. Mikil vinna stjórnenda fór í að skipuleggja sumarið, mönnun og sumarfrí barna og starfsfólks. Allt starfsfólk leikskóla á sex vikna orlof en börnin að jafnaði aðeins fjórar vikur. Til viðbótar við sex vikna orlof eiga félagsmenn Félags leikskólakennara tvær vikur vegna áðurnefnds betri vinnutíma sem bætist við fjarveru að sumrinu.

Starfsmannahald

Hér í Hraunvallaleikskóla starfar gott starfsfólk með mikinn áhuga og eldmóð. Það gekk ágætlega að ráða inn starfsfólk fyrir skólaárið. Við þurftum samt að seinka aðlögun hjá fjórum börnum og tvö af þeim fóru tímabundið í aðra leikskóla. Við réðum 10 nýja starfsmenn og tveir kennarar komu úr fæðingarorlofi í mars og apríl. Þann 1. desember störfuðu hér samtals 35 starfsmenn í 33,05 stöðugildum, þar af voru 32 konur og þrír karlar. Til viðbótar starfar einn starfsmaður með stuðning við Hraunvallaleikskóla en hann sér um þvotta, þrif og aðstoðar á deildum. Á mánudögum kom einn nemandi úr 10. bekk úr Hraunvallaskóla og starfi hjá okkur í valgrein á vegum grunnskólans. Í júní - ágúst/september var einn sumarstarfsmaður ráðinn inn og fimm unglingar frá vinnuskólanum voru hér í vinnu í sumar. Fjórir starfsmenn hætta nú í sumar.

Þrír starfsmenn voru á námssamning hjá Hafnarfjarðarbæ, einn starfsmaður útskrifaðist með B.-ed. í leikskólakennarafræðum. Tveir starfsmenn stunduðu nám í leikskólalíðanámi við Borgarholtsskóla, annar útskrifaðist um jól og hinn nú í vor, báðir sem leikskólaliðar. Tveir starfsmenn stunduðu nám við uppeldis- og menntunarfræði og einn kláraði annað árið í sálfræði frá HA, að auki lauk einn starfsmaður stúdentsprófi um áramót. Á næsta skólaári ætla þrír í meistaranám við HÍ, tveir í grunnnám; annar í uppeldi- og menntunarfræði og hinn í sálfræði. Auk þess mun annar aðstoðarskólalastjórinn leggja stund á fjarnám á

meistarastigi við HÍ, til prófs í „Farsæld barna“, náminu er ætlað að auðvelda skólum að fylgja eftir nýjum lögum um farsæld barna sem við kynntum okkur í vetur.

Alls voru sex starfsmenn í langvarandi veikindafrí á skólaárinu. Fengin var heimild að ráða tvo aðstoðarskólástjóra vegna stækkunar leikskólans á haustmánuðum. Fyrst um sinn gegndu Sólveig og Margrét Jensína þeirri stöðu en Sólveig lét af störfum í lok maí og í hennar starf kom Þórhildur Sif. Nú stendur yfir þróun þessarar starfa og eru miklar vonir bundnar við að hægt verði að styðja betur við deildarstjóra, faglegt starf og börn af erlendum uppruna með ráðningu þeirra. Einn starfsmaður fékk starfsaldursviðurkenningu á árinu fyrir 15 ára samfleytt starf hjá Hafnarfjarðarbæ.

Kosinn var trúnaðarmaður Félags leikskólakennara en það er Gunnþórunn Elísa Eyjólfsdóttir sem kosin var í það starf. Ekki náðist að fá starfsmann til að gegna hlutverki trúnaðarmanns Hlífar en núverandi trúnaðarmaður hefur verið í langvarandi veikindaleyfi. Unnið var samkvæmt fjarvistarstefnu Hafnarfjarðarbæjar og verkferlum var breytt varðandi fjarveru starfsfólks. Starfsmannahópurinn hittist nokkrum sinnum utan vinnutíma, farið var m.a. í hópferð á árshátíð Hafnarfjarðar. Í nóvember var haldin „vinavika“. Yfir vetrartímam skiptist starfsfólkið á að koma með veitingar á kaffistofuna einu sinni í mánuði. Í maí var haldin „gleði og hrósvika“, þar sem áhersla var á að hafa gaman og hrósa börnum og starfsfólki meira en venjulega. Sameiginlegt starfsmannafélag er með grunnskólanum sem stóð einnig fyrir nokkrum viðburðum í vetur.

Helstu verkefni

- **Snemmtæk íhlutun** – Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun sem Ásthildur Snorradóttir talmeinafræðingur stýrði lauk formlega þegar útgáfa á handbók Hraunvallaleikskóla leit dagsins ljós, handbókinni er ætlað það hlutverk að festa vinnulag þróunarverkefnisins í sessi hjá okkur. Formleg útgáfuhátíð handbókarinnar er fyrirhuguð nú í haust. Markmið með verkefninu er að efla máltjáningu og málskilning hjá börnunum og gera starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi málörvunar.
- **Brúin** – vinna í Brúnni hélt áfram. Alls voru tekin fyrir mál 21 barns í Brúnni ásamt því að við fengum fyrirlestur um kjörþögli fyrir allt starfsfólkið.
- **Farsældarlögin** – lögð var áhersla á að allt starfsfólkið kynnti sér nýju farsældarlögin svo raunhæft væri að meta stöðu okkur þar að lútandi og festa lögin í sessi í öllu okkar starfi.
- **Barnvænt samfélag** – hver deild fékk spurningalista og velti fyrir sér hvernig þau hafa unnið og hvernig eigin viðhorf hafa áhrif á starfið, í tengslum við barnvænt samfélag.
- **Samstarfssamningur RannUng og Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar** – við sóttum um samstarfssamning til Rannung og M&L, fengum hann og skrifuðum undir samninginn á vordögum. Samningurinn er um innleiðingu barnvæns sveitarfélags með áherslu á réttindi og þátttöku barna í leikskólum, yngsta stigi grunnskóla og á frístundaheimilum.
- **Gefðu 10** – mikið púður var sett í að innleiða og festa í sessi aðferðina „Gefðu 10“. Krafist var skráningar á deildum sem skila átti daglega. Gekk það misjafnlega vel milli deilda.

- **SMT skólafærni** – Haldið var áfram að vinna með SMT skólafærni, með því er verið að stuðla að jákvæðum samskiptum í leikskólastarfinu með samræmdum vinnubrögðum starfsfólks.
- **Bean-fee** – Fikruðum okkur áfram með Bean-fee en það er rafrænt umbunarkerfi sem er notað í þeim tilfellum þar sem SMT verkfæri virka ekki nógu vel og með börnum sem sýna erfiða hegðun.
- **Læsi** – Heilmikið var unnið með læsi á skólaárinu, leikskólinn var „læsisvæddur“ m.a. með merkingum á hlutum, bókstafir og tölustafir voru settir upp til að gera þá sýnilega. Áfram var unnið með Lubba en eitt máhljóð var lagt inn á viku og eitt orð tengt hljóðinu.
- **TRAS** – Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, og einn deildarstjóri lögðu TRAS málproskamæli fyrir börnin en allar hafa þær réttindi til að leggja TRAS fyrir.
- **Ferilmöppur** – Áfram hélt vinna við þróun og gerð þeirra og var ábyrgðaraðili skipaður á hverri deild sem bar ábyrgð á að setja inn í þær verk og myndir af börnunum. Segja má að möppurnar séu komnar í ákveðið ferli hjá okkur og orðnar fastur liður í starfinu.
- **Vinnustaðgreining** – Unnið var með starfsandann og menningu vinnustaðarins með því markmiði að efla leikskólaímynd staðarins þannig að hann verði eftirsóttur vinnustaður.
- **Betri vinnutími** – 15. desember fóru allir starfmenn í 36 stunda vinnuviku og afsöluðu sér þar með yfirráðarétti yfir kaffitímum. Misjafnt er hvernig útfærslan er eftir því hvort starfsfólk er í FSL, FL eða Hlíf. Þetta var risastórt verkefni sem jók töluvert á fjarveru starfsfólks og jók einnig flækjustig í skipulagi á mönnun deilda.
- **Undirbúningstímar** – Á nýliðnu skólaári samþykkti Hafnarfjarðarbær að veita öllum deildarstjórum 10 klst á viku í undirbúning óháð stéttarfélagi og menntun. Stöðugildin jukust lítið eitt hjá okkur við þetta. Við berum miklar væntingar til að þessi aukni tími til undirbúnings muni styðja vel við deildirnar hvað varðar faglegt leikskólastarf.
- **Stuðningur við deildarstjóra** – aðstoðarskólastjóri var deildarstjórum innan handar og veitti þeim sérstakan stuðning og handleiðslu, bæði í fagstarfinu sem og í starfsmannamálum viðkomandi deildar.
- **Skólamat** – Allur matur kemur frá Skólamat til leikskólans þ.e. morgunmatur, hádegismatur, nónhressing og ávaxtastundir. Breytingar urðu hjá þeim í haust en nú er sameiginlegur svæðisstjóri yfir þeim en ekki starfsmaður á staðnum. Var því landslagið hjá þeim aðeins öðruvísi en við áttum að venjast.
- **Ræsting í leikskólanum** – Hafnarfjarðarbær skipti um ræstingafyrirtæki en nú sér Aþ þríf um ræstingu í skólanum. Gott samstarf hefur ríkt og ánægja er með okkar ræstitækna.
- **Flóttabörn** - Á skólaárinu tókum við á móti þremur flóttabörnum, það var ánægjulegt að geta veitt þessum börnum öruggi og rútínu í dagsins önn.
- **Barn með sykursýki** – Eitt barn í barnahópnum er greint með sykursýki og er því með sykursýkidælu í sér. Töluverður tími fer hjá deildarstarfsfólki að sinna barninu og fylgjast með gildum hjá viðkomandi.

Helstu viðburðir í skólstarfinu

- Þann 26. ágúst var haldið upp á 16 ára **afmæli leikskólans**. Börnin útbjuggu kórónu, bakaðar voru vöflur ásamt að halda uppi lífi og fjöri allan daginn.
- **Dagur læsis** var þann 8. september, foreldrar voru hvattir til að lesa fyrir börnin sín og skrá lesturinn á lubbabein sem hengd voru upp hér í leikskólanum. Deildarstjórar afhentu foreldrum bæklinga um málþroska barna.
- Börnin skreyttu **jólatré í jólaporpinu** í miðbæ Hafnarfjarðar, allar deildir fóru niður í bæ til að skoða þorpið sem var stórglæsilegt að venju.
- **Jólaball** var haldið í matsal grunnskólans. Dansað var kringum jólatréð og jólasveinninn mætti og afhenti börnunum tannbursta og tannkrem að gjöf. Í hádeginu bauð Skólamatúr okkur upp á dýrindis jólamat.
- **Dagur leikskólans** þann 6. febrúar, var haldinn hátíðlegur með því að farið var og sungið fyrir 1. og 6. bekk í grunnskólanum.
- Héldum í gamlar hefðir á **bolludag, sprengidag og öskudag** að gömlum sið.
- Boðið var upp á **sögustundir á Bókasafni Hafnarfjarðar** sem við nýttum okkur. Gott samstarf var við bókasafn Hraunvallaskóla sem fólst í því að við fengum lánaðar bækur og börnin fóru í heimsóknir þangað í litlum hópum. Bókasafnsvörður þar var mjög dugleg að minna á bókasafnið og starfsemi þess og bauð okkur ma að taka þátt í bangsadeigi hjá þeim og fleiri viðburðum.
- **Skólamyndataka**. Boðið var upp á myndatöku en teknar voru hópmyndir og einstaklingsmyndir. Foreldrar gátu svo pantað sér myndir.
- **Bjartir dagar** voru haldnir hátíðlegir. Börnin gerðu listaverk sem hengd voru upp á Ásvöllum við mikinn fögnuð.
- **Útskrift** elstu barnanna fór fram 11. maí, börnin buðu foreldrum sínum á skemmtun en þau sungu fyrir þau og sýnt var myndband úr starfinu. Í lokin fengu þau afhenta útskriftarmöppu með verkum og myndum af þeim ásamt rauðri rós.
- **Útskriftarferð** var farin í þriðja skipti í Vatnaskóg og áttu elstu börnin og starfsfólkið sannkallaðan ævintýradag saman. Ferðin var styrkt af foreldrafélaginu og borguðu bæði foreldrar og leikskólinn í ferðinni.
- **Sumarhátíðin** var haldin í boði foreldrafélagsins, boðið var upp á andlitsmálningu, hoppukastala og Lína Langsokkur kom í heimsókn ásamt því að boðið var upp á veitingar.
- Fjölbreyttar **Brosveislur** voru reglulega á skólaárinu, tengt við innlögn á SMT reglunum.
- **Þemalok** Skólaárinu var skipt niður í þrjú þemu og í lok hvers þema var haldið upp á þemalokin þar sem afraksturinn var til sýnis fyrir foreldra. Verk voru hengd upp og/eða myndband sent til foreldra.
- **Flæði** milli deilda var endurvakið en þá geta börnin valið smiðjur á milli deilda.
- **Alþjóðlegi drullumallsdagurinn** var haldinn með því móti að við fengum auka mold á lóðina og brunaslangan var virkjuð á útileiksvæði.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun 2023-2024

Matsáætlun – það sem þarf að koma fram:

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta
- Hvenær/hve oft verður metið (skipulag matsins)
- Hvaða matsaðferðir/matsgögn er áætlað að nýta.
- Hverjir munu taka þátt í matinu

Sjá fylgiskjal

2.1 Innra mat leikskólans – framkvæmd, niðurstöður og úrbætur

Hver leikskóli á að meta árangur og gæði starfsins reglulega með þátttöku starfsfólks, barna og foreldra og birta niðurstöður matsins opinberlega ásamt áætlun um umbætur (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Sjálfsmati skóla er ætlað að leggja faglegan grundvöll að skólastarfi, styðja við skólaþróun og sýna með gögnum hvernig gæðaviðmiðum er náð. Við framkvæmd og þróun innra mats er mikilvægt að sníða gagnaöflunina að starfsumhverfi leikskólans og þeim starfsháttum sem þar eru lagðir til grundvallar. Það eykur á gildi matsins að byggja á fjölbreyttum matsaðferðum og að sjónarhorn starfsfólks, foreldra og ekki síst barna komi fram.

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum mats frá síðastliðnum vetri; þátttakendum í matsteymi, framkvæmd og aðferðum við innra mat leikskólans, auk áætlunar um framhaldið; byggt á fyrrnefndum niðurstöðum. Skólaárið 2022-2023 sátu stjórnendur leikskólans í matsteyminu. Unnið var bæði eftir 5 ára áætlun um innra mat leikskólans og áætlun sem gerð var fyrir umrætt skólaár.

- **Þættir leikskólastarfsins sem voru metnir skólaárið 2022-2023**

Niðurstöður mats á þeim 12 þáttum sem voru metnir:

- ✓ Jafnt og þétt yfir veturinn var líðan starfsfólks og starfsánægja rædd en sérstaklega var rætt um líðan hvers og eins í starfspróunarsamtali.
- ✓ Skipulag fyrir foreldraviðtöl var sett í betri farveg og deildarstjórar pössuðu upp á að allir foreldrar fengu foreldraviðtal eins og stefna skólans segir til um.
- ✓ Starfsfólk var miklu duglegra og meðvitaðra um að upplýsa foreldra um leikskólastarfið þegar börnin eru sótt og/eða komið er með þau í leikskólann.
- ✓ Deildarstjórar sendu reglulega póst til foreldra þar sem upplýst var hvað var gert í leikskólastarfinu.
- ✓ Heimasíðan var bætt og reglulega voru settar inn fréttir úr starfinu.

- ✓ Aðlögun barna að hausti gekk betur og passað var upp á að öll börn fengju lykilpersónu og starfsfólk var meðvitaðra um að kynna deildina fyrir nýjum foreldrum á meðan aðlögunin stóð.
- ✓ Okkur tókst ekki að minnka álag í starfi en ræddum reglulega um viðhorf okkar til vinnunnar m.a. á starfsmannfundi.
- ✓ Aðstoðarskólastjóri handleiddi deildarstjórana í starfinu og aðstoðaði þá við að bæta skipulag á deildum, skipta börnunum í minni hópa o.frv..
- ✓ Fengum fræðslu um Barnasáttmálann og héldum áfram með Gefðu 10 fyrir öll börn. Flæðislestur náði ekki að festa sig í sessi og fjölmeningarvika féll niður.
- ✓ Haldið var áfram með að efla starfsandann og liðsheild.
- ✓ Vegna anna skólastjórnenda gekk lítið að halda áfram að endurskrifa skólanámskrána í vetur.
- ✓ Heilmikil vinna var lögð í að gera starfsfólk meðvitað um mikilvægi þess að dreifa sér á útileiksvæði og stoppa óæskilega hegðun hjá börnunum.

- **Matsþættir fyrir skólaárið 2023-2024:**

Hér á eftir eru settir fram þeir 10 þættir sem við munum meta á næsta skólaári og gerð er stuttleg greinargerð um markmið, leiðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig árangur verður metinn:

- ✓ **Námssvið leikskólans** – Allt starfsfólk lesi yfir skólanámskrána og fari svo sameiginlega yfir kaflana um námssvið skólans á starfsmannafundum og skipulagsdögum, jafnframt því að ræða efnið í tengslum við Aðalnámskrá leikskóla. Vinnan fari eftir því ferli sem stjórnendur útfæra við formlega endurskoðun skólanámskrárinnar okkar og spannar allt skólaárið. Allt starfsfólk notar hluta af undirbúningstíma í þetta. *Ábyrgð – deildarstjórar og skólastjóri.* Deildarstjórar minni starfsfólk sitt á hvaða kaflar eru til umfjöllunar hverju sinni. Skólastjóri annast skráningu á ferlinu í samráði við deildarstjóra og metur árangurinn í lok haustannar og aftur í lok vorannar.
- ✓ **Innleiðing Barnasáttmálans** – Með áherslu á matartíma og val tíma barna. Setjum á stofn teymi í lok ágúst, um innleiðinguna þar sem einn starfsmaður frá hverri deild á sæti. *Ábyrgð – Magga aðstoðarskólastjóri* sem jafnframt stýrir innleiðingunni sem spannar allt skólaárið, gerir skráningar jafnóðum á hvernig til tekst og annast úrvinnslu gagna og mat í lok hvorrar annar. ATH. Þetta verkefni er nátengt innleiðingu Barnvæns samfélags og mun sú vinna hefjast á haustmisseri.
- ✓ **Sérkennsla inni á deildum** – Við vinnum enn að því að koma sérkennslu í fastar skorður inni á deildum. Fá ábyrgðaraðila á deildinni til að tryggja að sérkennsla fari fram í almennu starfi og gera reglulega skráningu um hvernig til tekst. Gera alla meðvitaðri um mikilvægi almennrar sérkennslu á deildum og að allt starfsfólk deildar beri ábyrgð á að sinna börnum með sérkennslu líkt og öðrum börnum deildarinnar. Hafa reglulega

fundi með starfsfólki deilda, þannig að sérkennslustjóri ásamt Þórhildi aðstoðarskólalastjóra komi reglulega inn á deildarfundi viðkomandi deildar til að handleiða kennarana og skilgreina almenna sérkennslu betur, auk þess að annast fræðslu um sérþarfir viðkomandi barna. *Ábyrgð – sérkennslustjóri, Þórhildur aðstoðarskólalastjóri.* Þær annast einnig reglulega skráningu á framvindu og annast mat í lok haust- og vorannar.

- ✓ **Vinnuálag á deildum.** Við vinnum áfram með að minnka álag í starfinu. Magga aðstoðarskólalastjóri handleiðir deildarstjóra í deildarstjórasamtölum, 2x í mánuð, auk þess að hitta alla deildarstjóra sex saman 1x í mánuði. Áðurnefnd mun einnig vera „flugla á vegg“ á deildum, í samvinnu við annað deildarstarfsfólk, ábyrgðaraðilar gera skráningar með því markmiði að finna leiðir og að innleiða aðferðir til að minnka álag á deildum. Við þessa vinnu munum við leggja áherslu á svonefndan „þriðja kennara“ (skipulagið/umhverfið/umgjörðin um allt skólastarfið). *Ábyrgð – deildarstjórar og Magga aðstoðarskólalastjóri.* Við matið notum við margskonar skráningar og viðhorfskannanir og metum árangurinn í lok hvorrar annar.
- ✓ **Bættur starfsandi.** Allt starfsfólk tekur höndum saman um að bæta starfsandann innan sem utan vinnustaðar. Gætum að því að fara í einu og öllu eftir starfsmannasáttmála leikskólans og siðareglum kennara. Mikilvægt: Baktal er aldrei liðið í menningu Hraunvallaleikskóla. Við innleiðum skýrar reglur vegna barna starfsfólks og tileinkum okkur þær. Skipum skemmtinefnd og gætum þess að fulltrúar beggja húseininga eigi fulltrúa og fáum einnig fulltrúa á fjölbreyttum aldri ☺. *Ábyrgð – skemmtinefnd og Þórhildur aðstoðarskólalastjóri.* Sú siðastnefnda sér um að gera viðhorfskannanir í lok hvorrar annar fyrir sig, vinna úr þeim og meta hvernig okkur gengur.
- ✓ **Bætt ímynd leikskólans** út á við – við sammælumst um að tala fallega um okkur sjálf, samstarfsmenn, börnin, foreldra, vinnustaðinn og bæjarfélagið okkar. Við höldum á lofti því sem vel er gert og ræðum ekki óánægju né árgreining út á við (á líka við um samskipti okkar við eldhúsfólk). Slík mál á einungis að ræða við viðkomandi aðila og/eða yfirmann. *Ábyrgð – stjórnendateymi og allt starfsfólk.* Stjórnendateymi annast framkvæmd mats. Matið verður m.a. byggt á nokkrum rafrænum, stuttum nafnlausum viðhorfskönnunum yfir tímabilið.
- ✓ **Samvinna og samhjálp** innan leikskólans, milli húsa (Leikvellir og aðalbygging), á milli deilda og á milli starfsfólks deilda. Við erum ekki ráðin á ákveðna deild, heldur erum við ráðin á vinnustaðinn Hraunvallaleikskóla og við göngum glöð að því að færa okkur milli deilda (t.d. vegna fáliðunar) eftir þörfum. Við sammælumst um að láta þarfir barnahópsins alltaf ráða því hvaða starfsmaður fer og leysir af vegna ákveðinna deilda. *Ábyrgð – deildarstjórar og skólalastjóri,* ásamt því að meta hvernig til hefur tekist í lok hvorrar annar.

- ✓ **Skýrir verkferlar.** Hafa skýrt hver upplýsir foreldra um hvað og hvernig. Skrásetja ákveðna ferla. *Ábyrgð – stjórnendateymi/skólastjóri.*
- ✓ **Aukin aðkoma og samstarf við foreldra** um innra starf leikskólans. Fá foreldra (og börn?) með í innra matsteymið með okkur. Fá rýnihópa foreldra (og barna) til að leggja mat á starfið. *Ábyrgð – skólastjóri.*
- ✓ **Jákvæð skólaþróun,** við vinnum áfram með að efla þennan mikilvæga þátt með faglegri umræðu og námskeiðum fyrir stjórnendur. *Ábyrgð – skólastjóri.*

- **Matsviðmið**

Viðmiðin sem við göngum út frá fyrir næsta skólaár eru Aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá, starfslýsingar, lærdómssamfélag, traust og gildi leikskólans ásamt starfsmannasáttmálanum okkar og siðareglum kennara.

- **Matsaðferðir**

Við matið notum við okkur skráningar, fundargerðir, sérsniðna matslista með hliðsjón af skólanámskrá, foreldrahandbók, starfsáætlun, dagskipulagi og skóladagatali leikskólans. Við styðjumst einnig við foreldra- og starfsmannakannanir, starfsþróunarsamtöl og vinnum umbótaáætlanir út frá þeim.

- **Þátttakendur í mati**

Allt starfsfólk tekur þátt í mati á skólastarfinu á einhvern hátt. Matsteymið leggur drögin og kynnrir á starfsmannafundi. Elstu börnin eru spurð álits (í rýnihópum?) og koma með sínar hugmyndir inn í vinnuna. Út frá þeirri vinnu er unnin umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

- **Framkvæmd mats**

Matið er framkvæmt jafnt og þétt yfir allt skólaárið og fylgt eftir á starfsmanna-, deildarstjóra- og samráðsfundum stjórnenda leikskólans.

- **Framsetning niðurstaðna**

Niðurstöður eru kynntar öllu starfsfólkinu og verða birtar á heimasíðu skólans.

- **Gerð umbótaáætlana og eftirfylgd með þeim**

Útbúin er umbótaáætlun, byggð á mati síðastliðins skólaárs, og skólastjóri ber ábyrg á að henni sér framfylgt.

2.2 Húsnæði og lóð

- Hver lagði mat á húsnæði og lóð og helstu niðurstöður þess, samanber fylgiskjöl.

Á hverjum morgni fer fram lóðareftirlit sem deildir skiptast á að annast. Ef eitthvað þarf að lagfæra er það skráð í þar til gerða bók og stjórendur látnir vita. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður hafa verið duglegir við að leggja mat á húsnæðið ef talið er að þess þurfi. Þeir framkvæmdu einnig áhættumat fyrir leikskólann og gerðu aðgerðaáætlun. Engin formleg úttekt frá utanaðkomandi aðilum hefur verið gerð í ár.

2.3 Ytra mat

Hafnarfjarðarbær lét gera starfsmannakönnun sem framkvæmd var í mars 2023 af Prósent.

- **Framkvæmdaaðili matsins**

Prósent gerði könnun meðal starfsfólksins í mars 2023, skólapúlsinn gerði einnig könnun en hún var styttri en vant er.

- **Tilgangur með matinu**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um starfshætti, líðan, starfsánægju, hollustu og stuðla að umbótum og auka gæði starfsins og líðan barna og starfsfólks.

- **Matsaðferð**

Sendur var spurningalisti til starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar.

- **Helstu niðurstöður**

Helstu niðurstöður eru að margir telja sig upplifa hvatningu til að leggja sig fram í starfi og finnst þeim að þeir standa sig vel í starfi. Margir geta mælt með því við aðra að þeir sækji um starf í Hafnarfirði. Verkefni og inntak í starfinu eru ágæt og nokkuð svigrúm er til sjálfstæðar ákvarðanatöku. Mörgum fannst þeir hafa þau tæki og tól sem þeim eru nauðsynleg til að sinna starfinu sínu vel og nokkuð mörgum fannst þeir vera hvattir til heilsueflingar á okkar starfsstöð. Það sem er gott við vinnustaðinn er m.a. að hugsað er vel um börnin, samstarfsfólkið er gott og góð samskipti eru við stjórnendur. Styttingin er góð og það ríkir frábær gleði og er alltaf gaman. Starfsfólk er ánægt með laun miðað við sambærileg störf.

Vinnuálag er of mikið í Hraunvallaleikskóla að mati starfsmanna og einnig mætti fleiri hlakka til að fara í vinnuna. Það mættu einnig fleiri vera tilbúnir að takst á við breytingar sem hafa bein áhrif á þá, þegar aðstæður breytast á starfsstöðinni. Mörgum fannst ábótavant að þeirra starfsstaður hafi ekki nægilega góða ímynd út á við og fólk er ekki að upplifa nægilegan árangur í starfinu

- **Umbætur út frá niðurstöðum ytra mats.**

Í umbótaáætlun settum við í forgang að bæta ímynd vinnustaðarins, auka starfsánægju og minnka álag á vinnutíma.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Sjá fylgiskjal

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. **Verkefni:** Snemmtæk íhlutun/Byrgjum brunninn

Markmið verkefnisins: Vinna áfram með þróunarverkefnið Byrgjum brunninn. Efla almenna málörvun allra barna í leikskólanum, leggja aukna áherslu á markvissar samverustundir og „læsisvæða“ leikskólann.

Leiðir að markmiði: Læsissteymið, einn fulltrúi frá hverri deild og Þórhildur aðstoðarskólástjóri, hittist hálfsmánaðarlega og leggur línurnar að vinnunni.

Hver er ábyrgur: Þórhildur aðstoðarskólástjóri og stýrihópur. Sérkennslustjóri sér um matsvinnu sem tengist TRAS, HLJÓM-2 og orðaskil.

Hvernig og hvenær verða markmið metin: Úrræði og árangur verður metinn, allar skráningar, samtöl, niðurstöður úr TRAS, HLJÓM-2 og orðaskil verða nýtt til endurmats. Unninn verður mats- og gátlisti til að endurmeta verkefnið reglulega.

2. **Verkefni:** Endurútgefa skólanámskrána

Markmið verkefnisins: Gæta þess að hún sé í fullu samræmi við aðalnámskrá leikskóla, læsisstefnu og menntastefnu Hafnarfjarðar og lög og reglugerðir. Fullklára kafla um námsvið leikskóla og setja inn kafla um mannréttindi og lýðræði.

Leiðir að markmiði: Setja áherslu á ákveðna þætti og vinna jafnt og þétt yfir skólaárið.

Hver er ábyrgur: Stjórnendur

Hvernig og hvenær verður markmið metið: með fullgerðum köflum sem allt starfsfólk hefur lesið yfir og sammælt um að fylgja.

3. **Verkefni:** Stuðningur/sérkennsla

Markmið verkefnisins: Útbúa einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem eru með úthlutaðan stuðning. Hafa teymisfundi á 6-8 vikna fresti með þeim börnum sem þurfa auka ílag. Setja sérkennslu í fastari skorður inn á deildum. Gera allt starfsfólk meðvitaðra um stuðning í leikskólanum og að allir á deildinni bera ábyrgð á öllum börnum og þurfi að sinna þeim á þeim stað sem þau eru stödd.

Leiðir að markmiði: Hafa reglulega fundi með starfsfólki um stuðning. Skilgreina hlutverk stuðningsins betur. Fá meiri fræðslu um sérþarfir viðkomandi barna.

Hver er ábyrgur: Sérkennslustjóri. Þórhildur aðstoðarskólástjóri annast einnig ákveðinn hluta handleiðslu inni á deild.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Með reglulegri skráningu.

4. **Verkefni:** Heilsueflandi leikskóli.

Markmið verkefnisins: Kynna öllu starfsfólkinu verkefnið Heilsueflandi leikskóli. Stofna stýrihóp. Ákveða lykilþætti til að taka fyrir og vinna að á skólaárinu.

Leiðir að markmiði: Kynna verkefnið á skipulagsdegi í september. Fá áhugasama í stýrihópinn, funda með stýrihópnum einu sinni í mánuði.

Hver er ábyrgur: Skólastjóri.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Með skráningum í stýrihópnum, umræðum, starfsmannasamtölum og gátlistum. Verkefnið verður metið í lok skólaárs.

5. **Verkefni:** Barnvænt samfélag

Markmið verkefnisins: Innleiða í samstarfi við Rannung og M&L hugmyndafræðina um barnvænt samfélag. Þannig að allar ákvarðanir séu teknar út frá barninu og að barnið sé alltaf í brennidepli. Byrjum að skoða matartíma og val tíma barna.

Leiðir að markmiði: Kynna öllu starfsfólkinu verkefnið um Barnvænt samfélag. Stofna stýrihóp. Stýrihópurinn fer yfir hvað er vel gert og hvað er ábótavant. Gerir aðgerðaáætlun.

Hver er ábyrgur: Magga aðstoðarskólastjóri.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Viðtöl við börnin í upphafi og lok skólaárs með samskonar spurningarslistum og umræðum.

6. **Verkefni:** Samvinna

Markmið verkefnisins: Stuðlað að samvinnu og að góður starfsandi ríki í báðum húsunum.

Leiðir að markmiði: Leggja áherslu á að Hraunvallaleikskóli sé einn vinnustaður og samvinna ríki milli deilda og starfsfólks. Halda í hefðir sem skapast hafa í starfinu eins og föstudagskaffi, flæði milli deilda og söngfundi. Leggja áherslu á að starfsfólk sameinist utan vinnu.

Hver er ábyrgur: Stjórnendur

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Á reglulegum fundum.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2023

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Skólastjóri	1	100	B.-ed. í leikskólakennarafræðum og M.-ed. í náms og kennslufræðum
Aðstoðarskólastjóri	2	200	1 B.A. í uppeldis- og menntunarfræði og M.-ed. í menntunarfræðum leikskóla. 1 B.-ed. í leikskólakennarafræðum og M.S. í stjórnun og forystu menntastofnana.
Sérkennslustjóri	1	100	1 BS uppeldis- og menntunarfræði
Deildarstjórar	6	600	1 B-ed í leikskólakennarafræðum 1 B-ed í kennarafræðum 1 BS í uppeldis og menntunarfræðum 2 leikskólaliðar 1 stúdentspróf
Leikskólakennari	1	100	Leyfisbréf kennara
Sérkennari	1	0.45	Leyfisbréf kennara
Frístunda og leikskólaliðar	25	24,2	2 stúdentspróf og stunda nú nám við uppeldis- og menntunarfræði í HÍ 13 stúdentspróf 10 grunnskólapróf
Starfsmaður með stuðning	1	0.70	Grunnskólapróf

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Byrjað var að taka starfsþróunarsamtöl í mars og náðist að klára langflest þeirra fyrir sumarlokun. Í samtölunum var farið eftir skipulagi sem Hafnarfjarðarbær gaf út. Starfsþróunarsamtölin fóru fram í mars en gert var hlé á þeim vegna fjarvista starfsfólks og örfá samtöl höfðu ekki farið fram fyrir sumarlokun. Skólastjóri tók samtölin. Samtölin gengu vel og kom fram að góð starfsánægja ríkir núna en starfsfólk taldi veturinn hafa verið krefjandi og erfiðan. Farið verður yfir niðurstöðurnar sem vörðuðu leikskólann í heild á deildarstjórafundi.

4.3 Símenntun síðastliðna skólaár

Símenntun á síðastliðnu skólaári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.). Á skólaárinu voru eftirfarandi námskeið og fyrirlestrar fyrir allt starfsfólk á skipulagsdögum eða starfsmannafundum:

- Kjörþögli, Sigríður Eir Guðmundsdóttir og Bára Fanney Hálfánardóttir
- „Viltu vera gleðigjafi eða fylupúki“, Ragnildur Vigfúsdóttir
- Beanfee, Helgi Sigurður Karlsson
- Forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum, Sigríður Björnsdóttir
- Barnvænt samfélag og barnasáttmálinn, Elín Helga Björnsdóttir
- Sykursýki 1, Guðbjörg Hjaltadóttir
- EKKO mál, Guðbjörg Hjaltadóttir
- Samskipti í leikskóla, Guðbjörg Hjaltadóttir og Sólveig Reynisdóttir
- Agi og agamál, Árný Steinþórsdóttir
- PMTO, Kolbrún Sigurþórsdóttir
- Lubbi finnur málbein, Eyrún Ísfold Gísladóttir
- Málörvun í daglegu starfi, Sólveig Reynisdóttir
- Einingakubbar og SMT, Sólveig Reynisdóttir
- Samskipti, leikur og leikefni, Sólveig Reynisdóttir
- Kynning á Brúnni, Þóra Flygenring, Rákel Valsdóttir, Sigríður Eir Guðmundsdóttir og Olga Huld Gunnarsdóttir

Námskeið sem einstaka starfsfólk fóru á:

- Sykursýki, Anetta Eik Skúladóttir og Andri Stefán Bjarnason; allir sem áhuga höfðu og starfsfólk Hóls sátu það námskeið
- Beanfee – kennsla á forritið, Helgi Sigurður Karlsson; þrjú starfsmenn fóru á það
- Verndarar barna, Guðrún Helga Bjarnadóttir; skólastjórnendur fóru á það.
- Laufið, kennsla á vefsíðuna; skólastjóri fór á það
- TRAS; tveir deildarstjórar öðluðust réttindi við fyrirlögn á því
- Dare to Lead; skólastjórnendur sátu það námskeið

Eftirfarandi Kraganámskeið voru sótt:

- Móttaka og stuðningur við fjöltyngd leikskólabörn – fræðsla fyrir leikskólustarfsfólk, Krístrún Sigurjónsdóttir - deildarstjórar sóttu það námskeið
- Hvers krefst framtíðin af leikskólakerfinu? Þróun leikskólustarfs í kröfuhörðum heimi, Jón Torfi Jónasson - skólastjóri sótti það námskeið í fjarfundarbúnaði
- Að stjórna jafningjum – frammistöðuviðtöl, Ragnildur Ólafsdóttir - deildarstjórar sóttu það námskeið

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

- Aðstoðarskólastjóri fór til Prag og lauk þar með námskeiðinu Dare to Lead með Ragnheiði Vigfúsdóttur
- Rúmlega helmingur starfsfólksins fór í námsferð til Brighton

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).

- ✓ Starfsánægja
- ✓ Álag á vinnustaðnum
- ✓ Heilsuefling
- ✓ Íslenskunámskeið
- ✓ Tengslaröskun barna
- ✓ Barnvænt samfélag og barnasáttmálinn

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

-

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023

Fjöldi barna	106			
Kynjahlutfall	Drengir		Stúlkur	
	52		54	
Dvalarstundir	850			
Deildargildi				
Sérkennsla	1. flokkur		2. flokkur	
	2		11	
Sérkennsla með önnur þroskafrávik	15			
Fjöldi barna	Ofnæmi	Óþol	Vegan	Svínakjöt
	7	10	0	6
Fjöldi barna með annað móðurmál	Fjöldi barn með annað tungumál en íslensku 33		Fjöldi tungumála 16	
Þjóðerni forsjarsaðila	Þjóðerni		Fjöldi barna	
	Ísland		73	
	Sómalía		1	
	Marokkó		1	
	Mexíkó		1	
	Pólland/Filippseyjar/enska		1	
	Pólland		9	
	Filipseyjar		2	
	Nígería		1	
	Albanía		1	
	Litháen		6	
	Rúmenía		3	
	Palestína		1	
	Úkraína		1	
	Portúgal		1	
	Danmörk		2	
	Írak		1	
	Indónesía		1	

5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).
Kosið var í foreldraráð á foreldrafundi að hausti, fjórir fulltrúar buðu sig fram og skipuðu þeir foreldraráðið, skólastjóri var aðallega í tölvupóstsambandi við ráðið. Fundað var einu sinni eftir áramót.
- Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).
Foreldrafundur var haldinn 6. október 2022 kl. 9 í fyrirlestrasalnum í grunnskólanum. Á fundinum var starf leikskólans kynnt, farið yfir ýmis praktís mál og kosið í foreldraráð.
- Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).
Foreldraviðtöl fóru fram tveimur mánuðum eftir afmælistánuð barnsins en vegna fjarveru starfsfólks var ekki alltaf hægt að halda því og sum þeirra drógust. Viðtöl voru einnig tekin við foreldra nýrra barna, ca. 6 vikum eftir að börnin byrjuðu. Viðtölin gengu vel en foreldra geta alltaf óskað eftir viðtölum ef þeim finnst þurfa og deildarstjórar kalla foreldra í viðtal ef þeim finnst ástæða til.
- Foreldrafélag.
Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Foreldrafélagið sér um ýmsar upptakur eins og jólaball, sumarhátíð og vorferð. Foreldrafélagið sá um að jólasveininn gæfi börnunum gjafir á jólaballinu og þau veittu styrk fyrir útskriftarferðinni. Félagsgjald er innheimt af foreldrum tvisvar á ári fyrir hvert barn.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun síðastliðins vetrar.
Samstarfsáætlun við Hraunvallaskóla gekk vel. Samstarfið er alltaf í mótun og hittast deildarstjóri elstu leikskóladeildar, aðstoðarskólastjóri og teymi 1. bekkjar einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót til að fara yfir og meta samstarfið og ákveða tímasetningar.
- Samstarfsverkefni ef einhver eru.
Elstu börnin í leikskólanum fóru í nokkrar heimsóknir í grunnskólann, eina í Hraunsel og eina í íþróttatíma með 1. bekk. Markmið heimsóknanna er að gefa innsýn í starfið í 1. bekk og að börnin verði öruggari þegar þeirra grunnskólaganga hefst. Þegar grunnskólinn er í frí höfum við aðgang að íþróttasal skólans sem við nýtum okkur. Í allan vetur borðuðu tveir elstu árgangarnir okkar inn í matsal í skólanum. Hraunvallaleikskóli er í góðu samstarfi við bókasafn Hraunvallaskóla. Farið er í heimsóknir á bókasafnið þar sem tekið er vel á móti okkur og börnunum veitt fræðsla um safnið og lesið er fyrir þau. Starfsfólk hefur einnig ótakmarkaðan aðgang að bókasafninu. Skólastjórnendur á báðum skólastigum funda einu sinni í viku allt árið. Á fundunum er farið yfir hin ýmsu mál sem varða bæði skólastigin og húsnæðið.
- Nýjungar ef einhverjar eru.

Engar nýjungar í samstarfinu litu dagsins ljós á skólaárinu.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og skipulagsdagar í grunnskólum).

Á skólaárinu 2023-2024 verða skipulagsdagar eftirfarandi daga:

1. september

13. nóvember – sameiginlegur með leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

26. febrúar - sameiginlegur með leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

15. mars

10. maí – sameiginlegur með leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans og í Öryggishandbók

Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:

- einelti
- ofbeldi
- annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - heimsfaraldri
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsfólks)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði

Leikskólastjóri